

Breytingartillögur

við frv. til skipulagslaga.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „varðveislu“ í b-lið komi: vernd.
2. Við 2. gr.
 - a. Við bætist nýr málslíður er verði 1. másl. og orðist svo: Í lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra er merking hugtaka sem hér segir.
 - b. Í stað orðanna „afmarkaða reiti“ í 5. tölul. komi: afmarkað svæði eða reiti.
 - c. Skilgreiningin *Landsskipulagsstefna* orðist svo: Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem umhverfisráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi.
 - d. Á eftir orðunum „einstakar lóðir“ í 16. tölul. komi: eða landsvæði.
 - e. Á eftir orðunum „fjölda bílastæða“ í 17. tölul. komi: hæðarlegu, götur, stíga.
 - f. Við 19. tölul. bætist: og leyfisveitingum þeim tengdum.
 - g. Í stað orðanna „Landnýting miðað við brúttóflatarmál lands“ í 21. tölul. komi: Byggingarmagn miðað við flatarmál lands.
 - h. Við bætast fjórar nýjar skilgreiningar í rétttri stafrófsröð, svohljóðandi:
Aðgengi fyrir alla: Þegar sjónarmið algildrar hönnunar eru höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.
Algild hönnun: Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.
Landslag: Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.
Sjálfbær þróun: Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar.
3. F-liður 4. gr. orðist svo: að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna með verkefnisstjórn, sbr. 11. gr., að gerð tillögu að landsskipulagsstefnu.
4. Við 5. gr. Í stað orðsins „háskólapróf“ í 1. mgr. komi: háskólamenntun.
5. 3. mgr. 7. gr. orðist svo:
Skipulagsfulltrúi hefur umsjón með skipulagsgerð, eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og annast að öðru leyti þau verkefni sem honum eru falin af sveitarstjórn.
6. Við 4. mgr. 10. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera

rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

7. Við 11. gr.
 - a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verði 1. málsl., svohljóðandi: Ráðherra skipar hverju sinni sjö fulltrúa í tímabundna verkefnisstjórn til að vinna tillögu að landskipulagsstefnu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.
 - b. Í stað „Skipulagsstofnun“ í 1. málsl. 1. mgr., 2. mgr., 3. mgr. og 5. mgr. komi: verkefnisstjórn. Í stað „Skipulagsstofnun“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: hún. Í stað „Skipulagsstofnun“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: verkefnisstjórnin.
 - c. Í stað „Skipulagsstofnunar“ hvarvetna í greininni komi: verkefnisstjórnar.
 - d. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skipulagsstofnun skal sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna með verkefnisstjórn að gerð tillögu að landsskipulagsstefnu, sbr. f-lið 4. gr.
 - e. Í stað „stofnunin“ í 1. málsl. 4. mgr. og „stofnunarinnar“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: verkefnisstjórnin; og: verkefnisstjórnar.
 - f. Í stað „stofnunarinnar“ og „Stofnunin“ í 5. mgr. komi: sínum; og: Verkefnisstjórn.
 - g. Í stað „stofnunarinnar“ í 6. mgr. komi: hennar.
8. Við 12. gr. Á eftir orðinu „samgöngur“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: landslag, náttúruvá.
9. Við 13. gr.
 - a. Á eftir orðunum „á landi“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: úr ám, vötnum.
 - b. Við 5. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis.
 - c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé sótt um framkvæmdaleyfi á svæði sem er innan einnar sjómílu frá netlögum skal leyfisveitandi leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga áður en leyfið er veitt.
10. Við 15. gr.
 - a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Sveitarstjórn, eða annar aðili sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis.
 - b. Í stað orðanna „sex mánaða“ í 3. mgr. komi: þriggja mánaða.
11. 2. málsl. 3. mgr. 17. gr. orðist svo: Því fylgir lögveð í eigninni sem gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum.
12. Við 19. gr.
 - a. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málslíðir er verði 3. og 4. málsl., svohljóðandi: Bílastæðagjaldi fylgir lögveð í eigninni sem gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Innheimta má gjaldið með fjárnámi.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að synja endurgreiðslu bílastæðagjalds ef liðið er meira en eitt ár frá greiðslu þess.
13. Við 20. gr.
 - a. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn samhliða útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.
 - b. Í stað „1. mgr.“ í 2. mgr. (er verði 3. mgr.) komi: 1. og 2. mgr.

14. Við 24. gr. Í stað orðanna „fjórar vikur“ í 3. málsli. komi: athugasemdafrestur.

15. Í stað 4. og 5. mgr. 25. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri svæðisskipulagi staðfestingar skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að svæðisskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða á gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

Ráðherra synjar eða staðfestir svæðisskipulag skv. 5. mgr. Staðfest svæðisskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnnum, hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

16. Við 29. gr. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. komi: Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra í þeim tilvikum sem hann skal staðfesta aðalskipulag.

17. Við 1. másl. 2. mgr. 31. gr. bætast orðin: og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur.

18. Í stað 3. og 4. mgr. 32. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagi barst henni staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu þess að öllu leyti eða hluta skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun eða frestun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

Ráðherra synjar eða staðfestir aðalskipulag skv. 4. mgr. Staðfest aðalskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu umhverfisráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

19. Við 37. gr.

a. Við 5. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála.

b. Á eftir 5. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag. Í slíkri áætlun skal tilgreina framkvæmdatíma áætlunarinnar sem skal vera a.m.k. fimm ár en ekki lengri en fimmtán ár. Framkvæmdatími áætlunarinnar hefst við gildistöku áætlunarinnar en ef hann er ekki tilgreindur skal miða við fimmtán ár.

20. 1. máls. 2. mgr. 38. gr. orðist svo: Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.
21. Við 42. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 Auglýsing tillögu að deiliskipulagi telst ógild hafi hún ekki verið samþykkt í sveitarstjórn innan árs frá því að athugasemdafresti tillögunnar lauk og skal slík tillaga auglýst á nýjan leik skv. 41. gr. áður en hún er samþykkt í sveitarstjórn. Birta skal auglýsingu um gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda innan þriggja mánaða frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögunni. Hafi slík auglýsing ekki verið birt innan þess frests telst tillagan ógild og fer um hana í samræmi við 41. gr.
22. Við 1. mgr. 43. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.
23. Við 45. gr.
 a. Á eftir orðunum „um gerð skipulagsáætlana“ í 1. mgr. komi: og um framkvæmdaleyfi.
 b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
 Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um landsskipulagsstefnu og málsmeðferð.
 c. Á eftir 2. mgr. (er verði 3. mgr.) komi ný málsgrein, svohljóðandi:
 Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um og skilgreina hverfisSKIPULAG.
 d. Í stað orðsins „skipulagsreglugerð“ í 8. mgr. (er verði 10. mgr.) komi: reglugerð um framkvæmdaleyfi.
 e. Á eftir orðunum „eru háðar framkvæmdaleyfi“ í 8. mgr. (er verði 10. mgr.) komi: hvenær framkvæmd telst hafin.
 f. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Skipulagsreglugerð, reglugerð um framkvæmdaleyfi og leiðbeiningar.*
24. Við 47. gr. Orðin „sem skal þinglýsa“ falli brott.
25. Við 2. másl. 2. mgr. 49. gr. bætist: og skal sveitarstjórn þinglýsa henni á viðkomandi eign.
26. Við 50. gr. Á eftir orðinu „fasteignir“ í 1. mgr. komi: hluta fasteigna.
27. Við 52. gr.
 a. Í stað orðanna „en nefndin skal tilnefna varaformann úr hópi nefndarmanna sem stýrir fundum nefndarinnar“ í 2. másl. 2. mgr. komi: og gegnir staðgengill forstöðumanns stöðu varamanns formanns.
 b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
 Sveitarstjórn er heimilt að höfða mál til þess að krefjast ógildingar á úrskurði nefndarinnar.
28. Við 53. gr.
 a. Í stað orðanna „eða hún hafin með framkvæmdaleyfi sem brýtur í bága við skipulag“ í 1. mgr. komi: framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi.
 b. Í stað orðanna „leita samþykkis sveitarstjórnar“ í 2. mgr. komi: tilkynna sveitarstjórn þá ákvörðun.
 c. 5. mgr. falli brott.
29. Við ákvæði til bráðabirgða. Við 3. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þær svæðisSKIPULAGSNEFNDIR sem eru að störfum við gildistöku laganna skulu þó fá að ljúka störfum sínum séu öll hlutaðeigandi sveitarfélög því samþykk.